

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jónas Hallgrímsson Sigrún Júlía Geirsdóttir
Fyrir Samfylkinguna:	Gunnlaugur Stefánsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Albert Eymundsson
Fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð:	Gunnar Ólafsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Ólafía Ingólfssdóttir Ármann Höskuldsson
Fyrir Samfylkinguna:	Katrín Andrésdóttir Björgvin G. Sigurðsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Kjartan Ólafsson Ólafur Björnsson

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 1999.*

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1999.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1999, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

##### A) Íbúðir:

Sorphirðugjald kr. 6.500 á hverja íbúð.

##### B) Fyrirtæki:

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	9.000
Flokkur	b)	kr.	18.000
Flokkur	c)	kr.	36.000
Flokkur	d)	kr.	72.000
Flokkur	e)	kr.	144.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1999 – kr. 8,00/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 1999.

*Húsavíkurkaupstað, 29. júní 1999.*

**Guðmundur Níelsson bæjarritari.**

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1999.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 8.000 á árinu 1999.

Gjaldið greiðst á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.400 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.800, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 1999.

*Húsavíkurkaupstað, 29. júní 1999.*

**Guðmundur Níelsson bæjarritari.**